



12. október 2005



Að lifa og læra í lýðræði

Skóla- og æskulýðsstarf í Hafnarfirði




Markmið 12. október:

- Að auka meðvitund ungs fólks um það hvernig menntun getur stuðlað að betra lýðræðisþjóðfélagi.
- Að auka virkni nemenda í beinum aðgerðum sem stuðla að virðingu, mannréttindum og jafnrétti (í skólum og í samfélaginu).
- Að efla félagsleg tengsl nemenda (innbyrðis og út í samfélagið) sem stuðlar að aukinni virðingu fyrir fjölbreytileika, félagslegri samstöðu og mannréttindum.



Meginhugmyndin:

- Nauðsyn þess að fjalla um lýðræði, mannréttindi og fjölbreytileika í skólastarfi vegna þess samrunaferlis sem er í gangi í Evrópu (Evrópusamruni, búferlaflutningar og aukið menntasamstarf).
- Ungt fólk í Evrópu er í lykilstöðu að móta samfélag framtíðar í Evrópu og því þarf það að taka virkan þátt í mótun þess samfélags sem mun verða til í Evrópu á 21. öldinni - sem best verður gert með því að fá góða menntun á þessu sviði og sé virkt í lýðræðislegu starfi.
- Lykilatriði í jákvæðri þróun samfélagshátta í Evrópu er að lýðræði verði öflugt, þegnarnir virkir í að móta samfélagsþróunina, upplýsingaflæði opið og mannréttindi séu alls staðar virt.



Áherslur í 1. - 4. bk:

- Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að kynnast öðrum og virða þá sem persónur.
- Að vinna að vellíðan allra í skólasamfélagi, t.d. í bekk í skóla (bekkja-/skólareglur).
- Að taka vel á móti nýjum bekkjarfélögum.
- Að geta unnið saman í hópi með ólíku fólki.
- Að skynja áhrif eigin orða og hegðunar á aðra, þ.e. góð framkoma hefur jákvæð áhrif á aðra.



Áherslur í 5. - 7. bk:

- Að gera sér grein fyrir skyldum einstaklinga í lýðræðisþjóðfélagi til að réttindi allra fái notið sín.
- Að vinna gegn fátækt og óréttlæti.
- Að kom í veg fyrir útskúfun (einelti).
- Að bæta samskipti milli einstaklinga.
- Að taka tillit til þarfa annarra til jafns við eigin þarfir.
- Að leysa úr ágreiningsmálum á jákvæðan hátt, þ.e. án ofbeldis og með virðingu fyrir öðrum.



Áherslur í 8. - 10. bk:

- Að virða lýðræðislega tekna ákvarðanir.
- Að vera virkur lýðræðisþegn felst í því að einstaklingar vinna verkefni sem þjóna og hjálpa öðrum.
- Að vernda réttindi innflytjenda og minnihlutahópa - barátta gegn kynþáttahatri.
- Að vinna gegn fordómum.
- Að auka áhrif nemenda á skólastarf og eigið nám.
- Að verða stöðugt hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi.

2005 - Evrópuár um borgaravitund og lýðræði: Að lifa og læra í lýðræði



www.coe.int/edc



HAFNARFJÖRÐUR

